



Haustönn 2024

Fjölbrautaskóli Suðurlands

## MYNL2MS05

Myndskreytingar og myndasögur

Kennari	Ágústa Ragnarsdóttir, agustaragnars@fsu.is
---------	--

### Áfangalýsing:

Í áfanganum verður farið í gegnum og skoðað eðli myndskreytinga (myndlýsinga) og áhrif þeirra með texta. Rýnt verður í skopteikningar dagblaða og tímarita og þau áhrif sem þess háttar miðlun getur haft. Farið verður í grunnatriði þess að ná fram ýkjum í andlistdráttum og líkamsbyggingu fólks til þess að draga fram persónueinkenni og skopmyndir og svokallaðar strípur skoðaðar. Farið verður í uppbyggingu hinnar klassísku myndasögu, mikilvægi myndbyggingu hvers ramma sem og myndbyggingu hvorrar síðu og að innihald komst til skila ekki síst í gegnum myndmálið. Lögð verður áhersla á að nemendur finni sinn stíl.

Verkefnin munu felast í því að prófa ólíka stíla og mismunandi efni í myndskreytingum, að myndskreyta styttri og lengri texta, vinna skopteikningar sem endurspeglar samtímann (rauntíma) hvort heldur á Íslandi eða annars staðar í heiminum, vinna strípur með “punchline” og loks lengri myndasögu út frá eigin lífi, þjóðsögum eða goðafræði.

**Undanfari:** Enginn

**Þekkingarviðmið** - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á: hlutverki og áhrifum myndskreytinga með samfelldum texta.

- hvernig stíll og myndbygging geta byggt upp tilfinningu fyrir textanum.
- mikilvægi þess að finna rétta vinkilinn úr textanum til myndskreytingar.
- mikilvægi myndskreyta í upplýsingaheimi nútímans.
- ábyrgð myndskreyta á hverjum tíma
- hvað þarf að vera í myndasögu til þess að hún komist til skila án margara orða og jafnvel orðalaust.
- mikilvægi flæðis í myndasögunni.
- mikilvægi góðrar uppsetningar á myndasögu þar sem hver rammi skiptir máli í heildarmyndbyggingu síðunnar.

**Leikniviðmið** - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- að greina meginatriði textans sem skal myndskreyta.
- vekja áhuga á textanum með mynd.
- draga fram sérkenni raunverulegra persóna.

- að sjá þjóðfélagsmál á myndrænan máta.
- að gera einfalda og samfélagsmiðaða skopteikningu.
- að setja upp einfalda teiknimyndasögu með eða án texta.

**Hæfniviðmið** - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Myndskreyta á lýsandi máta einfaldan texta með eigin persónulega stíl.
- gera skopteikningu út frá málefnum líðandi stundar.
- setja upp einfalda teiknimyndasögu í eigin stíl með góðu flæði og góðri myndbyggingu.

**Námsefni:**

- Fyrirlestrar, innlög, glærur, bækur, internetið, sýnikennsla og verkleg kennsla en engar hefðbundnar kennslubækur.

**Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:**

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
33.-36.	20. ágúst - 2. september	- Námsáætlun áfangans kynnt - Kveikjur	Verkefni 1 (inniheldur samtals 7 skilahólf)
37.-38.	3. september - 19. september	- Ýmsar aðferðir	Verkefni 2
39.-40.	23. september – 2. október	- Myndskreyting við örttexta	Verkefni 3
40.-41.	3. október - 8. október	- Sjálfskopmynd	Verkefni 4 (inniheldur tvö skilaverkefni + eina kveikju)
41.-43.	10. október - 27. október	- Skopmyndir - Miðannarmat, 17. okt. - Haustfrí 17.-18. október	Verkefni 5 (inniheldur tvö skilaverkefni + eina kveikju)
43.-45.	28. október - 10. nóvember	- Strípur	Verkefni 6 (inniheldur tvö skilaverkefni)

45.-49.	11. nóvember - 11. desember	- Teiknimyndasaga, lokaverkefni	Verkefni 7
---------	--------------------------------	---------------------------------	------------

1. Kveikjur <b>(16%)</b> - 22. ág. -2. sept.	Innlögn 22. ág.	<b>Nokkur skil</b>
2. Ýmsar aðferðir <b>(12%)</b> - 3. - 20. sept.	Innlögn 13. sept.	<b>Skil 20. sept.</b>
3. Myndskreyting við örtexa <b>(9%)</b> - 23. sept. - 2. okt.	Innlögn 23. sept.	<b>Skil 2. okt.</b>
4. Sjálfsskopmynd <b>(7%)</b> - 3. - 9. okt.	Innlögn 3. okt.	<b>Skil 9. okt.</b>
5. Skopmyndir <b>(12%)</b> - 10. - 25. okt.	Innlögn 10. okt.	<b>Skil 25. okt.</b>
6. Strípur <b>(12%)</b> - 28. okt. - 8. nóv.	Innlögn 28. okt.	<b>Skil 8. nóv.</b>
7. Teiknimyndasaga, lokaverkefni <b>(32%)</b> - 11. nóv. - 11. des.	Innlögn 11. nóv.	<b>Skil 11. des.</b>

### Sérreglur áfangans:

- **SKIL OG SKILAFRESTUR:**
  - **Skila þarf öllum fyrirsettum verkefnum annarinnar, þar með töldu fullunnu og stöðnu lokaverkefni og fá 5 í lokaeinkun til að eiga möguleika á að standast áfangann.**
  - **Sein skil: Dregið er niður fyrir sein skil verkefna um 0,5 pr. dag. Að sjö dögum liðnum umfram skilafrest er ekki möguleiki að fá hærra en 5 fyrir verkefni. Mikilvægt að nemandi sé í góðu sambandi við kennara sinn ef hann er að lenda í skilavandræðum.**
- Lokaverkefni er ígildi prófs. Nemendur skulu hagnýta sér þekkingu og leikni sem þeir hafa aflað í áfanganum til að vinna heildstætt verkefni á sjálfstæðan hátt undir handleiðslu kennara.
- Nemendur útbúa möppur strax í byrjun annar fyrir verk sín og halda þar vel utan um allt.
- Nemendur fá skissubók í byrjun áfangans þar sem þeir vinna kveikjurnar auk annarrar skissu- og hugmyndavinnu í áfanganum.
- Nemendur skulu skila **vandaðari** ljósmynd af hverju verkefni að því loknu inn á INNU.
- Um er að ræða próflausan símats og leiðsagnarmats áfanga. Hver verkhluti hefur sitt vægi þar sem ekki einungis endanlegt verk liggur til grundvallar heldur líka vegferðin öll s.s. áhugi, vinnusemi, tilraunir, framfarir og mæting.
- Tölvur og símar leyfðir í tímum enda mikilvæg vinnutæki. Nemendur eru þó beðnir um að lágmarka notkun á samfélagsmiðlum, símtölum og skilaboðum hvers konar og einbeita sér sem mest að sköpuninni og vinnunni.

### Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Kveikjur	Virgni, áhugi, nálgun, flæði, sjálfstæði og frumkvæði.	16%
Ýmsar aðferðir	Virgni, áhugi, nálgun, sjálfstæði og frumkvæði, fjölbreytileiki, endanleg útkoma (aðferð, sjónarhorn, myndbygging)	12%

Myndskreyting við örtexa	Virkni, áhugi, nálgun, sjálfstæði og frumkvæði, kveikjuvinna, samspil myndar og texta, endanleg útkoma (aðferð, sjónarhorn, myndbygging)	9%
Skopsjálfa	Virkni, áhugi, nálgun, sjálfstæði og frumkvæði, skissuvinna, endanlega útkoma	7%
Skopmyndir	Virkni, áhugi, nálgun, sjálfstæði og frumkvæði, frumleiki, myndbygging, endanleg útkoma (aðferð, sjónarhorn, myndbygging)	12%
Strípur	Virkni, áhugi, nálgun, sjálfstæði og frumkvæði, frumleiki, myndbygging, endanleg útkoma (aðferð, sjónarhorn, myndbygging)	12%
Myndasaga	Virkni, áhugi, nálgun, sjálfstæði og frumkvæði, frumleiki, myndbygging, texti og mynd, endanleg útkoma (flæði og útlit)	32%
Samtals		100%

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**

16. ágúst 2024